



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 13. júní 2008

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd föstudaginn 13. júní að Húnabraut 13. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Upprekstrarmál. Ákveðið var að heimila upprekstur hrossa í afréttarlönd Blönduóssbæjar frá og með 18. júní næstkomandi. Verður það boðið hrossaeigendum innan sveitarfélagsins bréflaga. Hagagjald og fyrirkomulag upprekstrar verði með sama sniði og í fyrra.
2. Refa og minkaveiðar. Vignir Björnsson kom á fund og skýrði frá gangi refavinnslu í vor. Gaf hann skýrslu um hvað gert hefur verið í vor og hvað fyrirhugað er. Að gefnu tilefni vill landbúnaðarnefnd áréttta að refaveiðar innan sveitarfélagsins eru bannaðar öðrum en þeim aðilum sem ráðnir eru af sveitarfélaginu á tímabilinu 1.maí til 1.ágúst. Einnig beinir landbúnaðarnefnd því til bæjarstjórnar að gjaldskrá refa- og minkaveiða verði samræmd milli sveitarfélaga í sýslunni.
3. Landbúnaðarnefnd barst bréf frá oddvita Skagabyggðar þar sem óskað var eftir að munnlegt samkomulag um tillögu flutnings milli skilarétta á svæðinu verði gert skriflegt. Yrði það svohljóðandi:
„Vindhælingar taka að sér að draga fénað fyrir Enghlíðinga í fyrri og seinni Kjalarlandsrétt og að koma þeim fénaði til Skrapatunguréttar. Enghlíðingar taka að sér að hirða fénað úr Skagabyggð í fyrri og seinni Skarðsrétt og öðrum réttum fyrir framan Þverárfjallsveg og koma þeim fénaði til Skagabyggðar“.
Samþykkt var að fela fjallskilastjóra að ganga frá slíku samkomulagi fyrir hönd landbúnaðarnefndar Blönduóssbæjar.
4. Farið var lauslega yfir drög að fjallskilareglugerð fyrir A-Húnavatnssýslu sem liggur fyrir til samþykktar hjá sveitarfélaginu.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið

Gauti Jónsson (sign.)
Þórður Pálsson (sign.)

Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)